

129 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
15. okt. ingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. ág. p. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem samþykkt var á alþingi 1885 og sem síðan var, samkvæmt fyriræmum 61. gr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 rætt á alþingi því, er saman kom í sumar og þar samþykkt óbreytt.

I konunglegri auglýsingu þeirri til Íslendinga 2. nóvbr. f. á., sem út var gefin í tilefni af því, að stjórnarskipunarlaga-frumvarpið var samþykkt í fyrra skiptið, var það birt, að enda þótt svo færi, að stjórnarskipunarlaga-frumvarp þetta yrði samþykkt af nýju á hinu nýkosna alþingi, mundi það eigi geta hlotið staðfestingu konungs og voru ástæðurnar fyrir því teknar fram.

Samkvæmt þessu hefur hans hátign konunginum 29. f. m. allramildilegast þóknast eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráðgjafans að fallast á, að tjeð frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands hljóti ekki staðfestingu konungs.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

130 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
26. okt. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til samkvæmt lögum 8. jan. p. á. um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Böggversstaði í Eyjafjarðarsýslu með hjáleigunni Árgerði ábúandanum á Böggversstöðum Baldvin G. Þorvaldssyni fyrir verð það, 6500 kr., sem ákveðið er í nefndum lögum, og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem þar eru teknir fram.

131 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð. — Með
5. nóv. þessu brjefi veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til, samkvæmt lögum 8. jan. p. á. um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja þjóðjörðina Ásgerðarstadasel í Skriðubreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 900 kr., og að öðru leyti samkvæmt skilmálum þeim, sem fram eru teknir í tjeðum lögum, sbr. lög 8. nóv. 1883.

132 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — Sam-
6. nóv. kvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans, eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 18. okt. p. á., hefur hans hátign konunginum þóknast í gær allramildilegast að fallast á, að bóndanum Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal verði seld jörðin Grímsunga, eign Undirfells prestakalls í Húnavatns prófastsdæmi, ásamt afrjettarlandinu Grímsunguheiði, fyrir 6500 kr., sem að helmingi greiðist þegar í stað, en að hinn helmingur kaupverðsins megi standa í jörðinni gegn fyrsta veðrjetti í henni og 4% í vöxtu á ári, og með þeim skilyrðum, að kaupandi láti af hendi hæfilegt rjettarstæði í afrjettarlandinu, til þess að fjenu af Grímsunguheiði verði smalað pangað á haustin, og að hann enn fremur greiði tíund af jörðinni eptir kaupun og önnur opinber gjöld, sem á bændaeignum hvíla.